



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 5. janúar 2021

R20070100

1210

Borgarráð

Ósk Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um viðræður um úthlutun lóðar undir löggæslu- og viðbragðsaðila

Lagt er til að borgarráð samþykki að taka jákvætt í hjálagt erindi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 16. desember 2020, til Reykjavíkurborgar þar sem óskað er eftir viðræðum um úthlutun lóðar innan borgarmarka undir löggæslu- og viðbragðsaðila á Höfuðborgarsvæðinu. Vísað er til fyrri samskipta þar sem borgin lýsti sig jákvæða til viðræðan varðandi lóðir og skipulag í landi borgarinnar, Faxaflóahafna eða eftir atvikum lóðir sem væri í landi Reykjavíkur sem væri á hendi einkaaðila.

Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að skipa samningateymi um viðræðurnar. Í samningateyminu sitja Þorsteinn Gunnarsson borgarritari, Ólöf Örvarsdóttir sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Magnús Þór Ásmundsson hafnarstjóri. Með teyminu mun starfa fulltrúar atvinnuþróunarteymis, eignaskrifstofu og/eða skipulags eins og tilefni er til.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 16. desember 2020



Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 16. desember 2020
Tilv.: FJR19010200/10.3

Efni: Úthlutun lóðar fyrir starfsemi löggæslu- og viðbragðsaðila

Vísað er til erindis sem Reykjavíkurborg sendi Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 20. ágúst sl., sem varðar uppbyggingu eða útvegum á lóð fyrir starfsemi löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu.

Í erindinu kemur fram að afstaða Reykjavíkurborgar til verkefnisins sé jákvæð og að talið sé að sameiginlegt húsnæði viðbragðsaðila sé brýnt og arðbært verkefni.

Þá kemur einnig fram að Reykjavíkurborg sé tilbúin að vinna að þróun einstakra staðsetningarkosta innan borgarmarka í samstarfi við ríkið vegna lóða sem eru á hendi borgarinnar, Faxaflóahafna eða einkaaðila með eðlilegum skipulagslegum fyrirvörum.

Í ljósi jákvæðrar afstöðu til verkefnisins óskar ráðuneytið, sem fer með yfirstjórn framkvæmda- og eignamála ríkisins, eftir viðræðum um úthlutun lóðar undir fyrrgreinda almannaþjónustustarfsemi innan marka borgarinnar.

Fyrir hönd ráðherra

Guðmundur Árnason

Sigurður H. Helgason



Framkvæmdasýsla ríkisins

Borgartúni 7a
105 REYKJAVÍK

Svar við bréfi Framkvæmdasýslu Ríkisins þar sem óskað er eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til verkefnis um úttegum eða uppbyggingar á húsnæði og lóð fyrir starfsemi löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu

Vísað er til bréfs Framkvæmdasýslu Ríkisins til borgarstjóra dags. 10. júlí 2020 þar sem óskað er eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til verkefnis um úttegum og uppbyggingar á 26.000 fermetra húsnæði á um 30.000 fermetra lóð fyrir starfsemi löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu ásamt upplýsingum um mögulegar staðsetningar á lóðum í Reykjavík.


Afstaða Reykjavíkurborgar til verkefnisins er mjög jákvæð. Sameiginlegt húsnæði viðbragðsaðila er brýnt og arðbært verkefni. Þá má færa rík rök fyrir því að næstu ár væru ákjósanlegur framkvæmdatími. Borgin tekur undir áherslu á stuttan viðbragðstíma lögreglu og þann verkefnahunga sem tengist miðborg Reykjavíkur. Er rétt að benda á að þarfir Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) er hin nýja staðsetning þjóni sama svæði og núverandi útkallslið SHS í Skógarhlíð, sem þá myndi leggjast af. Af sömu ástæðum er mikilvægt að náðið samráð sé við SHS um staðsetningarkosti.

Í hjálögðu minnisblaði frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dags. 18. ágúst 2020 er að finna ítarlegar upplýsingar um staðarvalkosti í Reykjavík sem kæmu til greina undir verkefnið. Reykjavíkurborg lýsir sig tilbúna til að vinna að þróun einstakra kosta innan borgarmarkanna með Framkvæmdasýslunni og forystu verkefnisins, hvort heldur þær lóðir eru á hendi borgarinnar, Faxaflóahafna eða einkaaðila sem áhuga hafa á verkefninu, með eðlilegum skipulagslegum fyrirvörum um að byggingar og nauðsynlegir innviðir rúmist vel í borgarumhverfinu á viðkomandi stað. Sé vilji til að ræða aðra kosti en þessa er borgin einnig opin fyrir því með sömu fyrirvörum.

Þess ber að geta að erindið var tekið upp á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og styður stjórn þess uppbyggingu á nýrri Björgunarmiðstöð og leggur áherslu á að byggt verði á þeim árangri sem náðst hefur með núverandi björgunarmiðstöð og að Almannaþarnir á höfuðborgarsvæðinu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins verði virkir

Þátttakendur í verkefninu.

Reykjavíkurborg er tilbúin til frekara samtals og samvinnu vegna staðarvalsins.



Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dags. 18. ágúst 2020

Þriðjudagur, 18. ágúst 2020

Minnisblað

Tilvísun í mál: R20070100


Efni: Bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 22. júlí 2020 þar sem bréfi framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 10. júlí 2020, varðandi markaðskönnun og afstöðu Reykjavíkurborgar til húsnæðis fyrir starfsemi löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu er sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. Óskað er eftir því að borgarráði berist upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis er óskað efti því að upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Erindið:

Í bréfi Framkvæmdasýslu ríkisins kemur fram að Fjármála og efnahagsráðuneytið og dómismálaráðuneytið í samstarfi við framkvæmdasýsluna hafi verið í samstarfi um undirbúning að sameiginlegu sérhæfðu húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Umrætt húsnæði kalli á 30.000 fm lóð og um 26.000 fm húsnæði. Unnin hafi verið forathugunarskýrsla um helstu forsendur og í kjölfarið var farið í markaðskönnun í samstarfi við Ríkiskaup um mögulegar lóðir meðal einkaaðila. Stýrihópur um verkefnið óskar eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til verkefnisins ásamt upplýsingum um mögulegar staðsetningar á lóðum í Reykjavík sem kæmu til greina

Umsögn:

Til grundvallar staðarvali liggja fyrir nokkarar forsendur af hálfu stýrihóps verkefnisins. Óskað er eftir því að lóðin liggi miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og staðsetningin gefi sem stýstan viðbragstíma frá „Alþingisreit“. Útafakstur þurfi að vera aðgengilegur og nálægt stofnbrautum og nokkrar leiðir verði út af lóðinni. Viðbragstími megi ekki vera meiri en 8 mín ef miðbæjarlögreglustöð er hluti húsnæðinu. Í valkostagreiingu FSE er jafnframt sett fram neðangreindar forsendur:



Ef horft er til gildandi aðalaskipulags og mögulegra lóða þá rúmast umrædd starfsemi fyrst of fremst innan landnotkunarreita sem nú eru skilgreindir sem miðsvæði, athafnasvæði og/eða hafnarsvæði (sjá kort). Miðað við gefnar forsendur þá er helst þrjú svæði sem uppfylla skilyrði V1,V2 og V3 og um fimm svæði sem uppfylla skilyrði V2. Svæðin eru eftirfarandi

- a) Grandi: Hafnarsvæði með fjölbreyttri þjónustu. Faxaflóahafnir fara með úthlutunarrétt lóða sem öllum hefur verið úthlutað til margra aðila. Tækifæri eru til frekari þróunar á einstaka lóðum þar sem nýtingarhlutfall lóða er um og yfir N1. Nýlega var samþykkt í auglýsingu breyting á þremur lóðum á Granda sem heimilar frekari þróun og uppbyggingu. Ekki er laus lóð á svæðinu sem uppfyllir skilyrði og húsnaðisþörf nýrrar Björgunarmiðstöðvar.

Eftirfarandi er skilgreining á landnotkun svæðisins:

H1a. Örfirisey-olíuhöfn Á svæðinu skal eingöngu vera birgða-, rekstrar- og þjónustustarfsemi olíustöðvar. Við heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins verði hugað að framtíðar staðsetningu olíuhafnar.

H1b. Örfirisey-fiskihöfn, hafnarsvæði Fyrst og fremst skal gera ráð fyrir hafnsækinni starfsemi, útgerð, fiskvinnslu, þjónustu við sjávarútveg, landhelgisgæslu, hafrannsóknun og tengdri starfsemi.

H2. Örfirisey- blandað athafnasvæði Gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi og starfsemi sem almennt fellur undir skilgreiningu athafnasvæða, sbr. skipulagsreglugerð. Fjölbreyttari landnotkun er þó heimil við Fiskislóð og Grandagarð, samkvæmt ákvörðun þar um í deiliskipulagi, s.s. verslun, þjónusta og fínlegri atvinnustarfsemi. Gististaðir í flokki II og III geta verið heimilir, sbr. ákvörðun í deiliskipulagi. Ekki er heimilt að opna nýjar matvöruverslanir á ofangreindum svæðum. Ekki er gert ráð fyrir stækkun/fjölgun matvöruverslana (stórmarkaða) og skal slík starfsemi vera víkjandi á svæðinu

- b) Klettagarðar, Sundahöfn frá Laugarnesi að Vogahverfi: Á svæðinu er mikil atvinnustarfsemi af ýmsum toga. Ýmis tækifæri eru til þróunar og uppbyggingar á svæðinu t.d. með sameiningu lóða. Einnig er möguleiki á nýrri 30.000 fm. lóð á svæði sem er á milli Holtagarða og Klepps. Faxaflóahafnir fara með úthlutunarrétt á stærstum hluta svæðisins. Á syðri hluta svæðisins er hafin uppbygging nýrrar íbúðabyggðar í Vogahverfi en samsíða Sæbraut eru gert ráð fyrir miðsvæði í bland við atvinnu- og þjónustu. Gert er ráð fyrir að Sæbraut verði lögð í stökk á þessum kafla samhliða framkvæmdum í tengslum við borgarlínu.

Eftirfarandi er skilgreining á landnotkun svæðisins:

H4. Sundahöfn (Klettasvæði, Vogabakki og Kleppsvík) Fjölbreytt flutningahöfn með farmstöðvar, gámavelli, vörugeymslur og vörudreifingu. Einnig aðstaða fyrir skemmtiferðaskip. Starfsemi sem fellur undir skilgreiningu athafnasvæða, sbr. skipulagsreglugerð er almennt heimil. Einnig má gera ráð fyrir starfsemi sem fellur undir iðnaðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð, en tilgreina þarf þá starfsemi sérstaklega í deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu smásöluverslunar á svæðinu

- c) Ártúnshöfði sunnan Stórhöfða: Á svæðinu er fjölbreytt þjónustustarfsemi í bland við iðnaðarstarfsemi sem er víkjandi. Talsvert er um stórar lóðir á svæðinu sem hefur öllum verið úthlutað. Talsverð tækifæri eru til þróunar og uppbyggingar eldri iðnaðar og athafnalóða á svæðinu en gert er ráð fyrir mikilli uppbygging íbúðar og þjónustustarsemi á svæðinu norðanverðu frá Bryggjuhverfi að Stórhöfða. Allt það svæði er nú í yfirstandandi deiliskipulagsgerð í samstarfi við hagsmunaaðila.

Eftirfarandi er skilgreining á landnotkun svæðisins:

M4. Höfðar-Keldur (M4a,4b,4c, 4d). Fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, gistiheimilum eða hótélum, nema það sé sérstaklega tilgreint í deiliskipulagi. Á svæði 4c (Keldur), næst Húsahverfi er þó gert ráð fyrir íbúðarbyggð. Gera skal grein fyrir nýjum matvöruverslunum í deiliskipulagi. *Matvöruverslun merkir hér verslanir sem selja neysluvörur til daglegra þarfa í öllum helstu vöruflokkum. Minni dagvöruverslanir s.s. bakarí, fiskbúðir, kjötbúðir og aðrar ferskvöruverslanir eru hér undanskyldar.

- d) Hálsar, norður frá Draghálsi, Krókhálsi að Vesturlandsvegi: Fjölbreytt athafna- og atvinnusvæði með stórum lóðum hefur verið úthlutað. Tækifæri til breytinga á núverandi húsnæði.

Eftirfarandi er skilgreining á landnotkun svæðisins:

AT1, AT2. Hálsar, Höfðar; AT3. Gylfaflöt, Smálönd, Norðlingaholt Fyrst og fremst léttur iðnaður, sem ekki hefur í för með sér mengun, verkstæði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur tengdar umræddri starfsemi, þjónusta og rýmisfrek verslun, svo sem bílasölur.

- e) Keldur, Keldnaland: Óráðstafað miðsvæði að stærstum hluta, ríkisland. Tækifæri til þróunar og skipulagsvinnu sem gerði ráð fyrir nýrri Björgunarmiðstöð.

Eftirfarandi er skilgreining á landnotkun svæðisins:

M4. Höfðar-Keldur (M4a,4b,4c, 4d). Fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, gistiheimilum eða hótélum, nema það sé sérstaklega tilgreint í deiliskipulagi. Á svæði 4c (Keldur), næst Húsahverfi er þó gert ráð fyrir íbúðarbyggð. Gera skal grein fyrir nýjum matvöruverslunum í deiliskipulagi. *Matvöruverslun merkir hér verslanir sem selja neysluvörur til daglegra þarfa í öllum helstu vöruflokkum. Minni dagvöruverslanir s.s. bakarí, fiskbúðir, kjötbúðir og aðrar ferskvöruverslanir eru hér undanskyldar.

- f) Blikastaðavegur frá Korpu að Mosfellsbæ: Miðsvæði þar sem gert er ráð fyrir rýmisfrekri starfsemi. Óráðstafað að hluta næst Mosfellsbæ.

Eftirfarandi er skilgreining á landnotkun svæðisins:

M9. Þjónustukjarnar við stofnbrautir. Einkum gert ráð fyrir rýmisfrekri verslun, heildsölu, þjónustu og léttum iðnaði. Nýjar matvöruverslanir eru ekki heimilar. Íbúðir, hótél og gistiheimili eru ekki heimil. Ef ákveðið er að breyta aðalskipulagi vegna nýrrar matvöruverslunar, skal meta áhrif hennar á matvöruverslun í nærliggjandi íbúðarhverfum og gera grein fyrir í deiliskipulagi (sjá kaflann Kaupmaðurinn á horninu). Á svæði M9 við Korputorg, er heimilt að reka gagnaver.


- g) Hamrahlíðarlönd: Miðsvæði / íbúðasvæði, óráðstafað land.

Eftirfarandi er skilgreining á landnotkun svæðisins:

M22. Úlfarsfell II-Leirtjörn. Blönduð byggð, þar sem íbúðarbyggð ásamt tilheyrandi þjónustu er ríkjandi næst núverandi íbúðarsvæði í Úlfarsárdal en þrífalega atvinnustarfsemi, sbr. skilgreining miðsvæða (M) á norðurhluta svæðisins. Starfsemi sem að jafnaði á heima á athafna- (AT) eða iðnaðarsvæðum (I) er ekki heimil. Þéttleiki byggðar taki að mestu mið af nærliggjandi byggð. Nánari stefna um landnotkun og nýtingarhlutfall verður mörkuð í deiliskipulagi, með hliðsjón af niðurstöðum hverfisskipulags.

h) Hólmsheiði við Suðurlandsveg: Athafnasvæði að mestu óráðstafað land. AT4. Athafnasvæði í Hólmsheiði við Suðurlandsveg Einkum gert ráð fyrir landfrekri starfsemi sem hefur óverulega mengunarhættu í för með sér. Lögð verði áhersla á þrífalega og umhverfisvæna starfsemi, s.s. léttan iðnaði, gagnaver, matvælaíðnað, vörugeymslur og umboðsverslanir og önnur umhverfisvæn iðnaðarstarfsemi.

i) Suður Mjódd við Breiðholtsbraut: Óráðstafaðar atvinnulóðir. Á svæðinu er gildandi deiliskipulag sem gerir ráð fyrir 4 atvinnulóðum við Álfabakka sem samtals eru um 17.000 fm að stærð. Sunnan við umræddar lóðir er 23.000 fm atvinnulóð sem er að hluta til í nýju skipulagsferli og að hluta til óráðstafað.



Staðarvalkostir fyrir Björgunarmiðstöð

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi